

**From:** [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)  
**To:** [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)  
**Subject:** Umsögn við frumvarpsdrög til laga um lagareldi: III. kafli. Umhverfisvernd og rannsóknir  
**Date:** Wednesday, January 21, 2026 9:02:36 AM  
**Attachments:** [Umhverfisvernd og rannsóknir \(III. kafli\).pdf](#)

---

Ágætu félagar,

Í viðhengi fylgir umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar við frumvarpsdrög til laga um lagareldi. Umsögnin fjallar sérstaklega um III. kafla frumvarpsins – Umhverfisvernd og rannsóknir.

### III. kafli. Umhverfisvernd og rannsóknir

Sjávarútvegsþjónustan leggur til eftirfarandi breytingar:

- Áhættumat erfðablöndunar verði lagt niður sem stjórnþæki.
- Stjórnun hámarkslífmassa byggist á burðarpólsmati.
- Heimilaður hámarkslífmassi til eldis á frjóum laxi verði ákveðinn af Alþingi hverju sinni.
- Alþingi ákveði í hvaða fjörðum heimilt verði að stunda sjókvíaelði á frjóum laxi.
- Eldi í lokuðum sjókvíum verði eingöngu heimilt á hefðbundnum sjókvíaelðissvæðum.

### Umsagnir við frumvarpsdrögin

Margar greinar frumvarpsdraga til laga um lagareldi eru vel unnar og verður ekki fjallað sérstaklega um þær í umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar.

Vegna umfangs og ítarleika athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins hefur verið ákveðið að fjalla um einn kafla í senn. Umsagnir verða því sendar í áföngum til alþingismanna, stjórnarsýslunnar, hagsmunaaðila og annarra sem málið varðar.

Vegna umfangs verkefnisins liggur fyrir að ekki mun takast að skila öllum umsögnum innan núverandi skilafrests, sem rennur út 26. janúar. Umsagnir munu því aðeins að hluta til berast fyrir þann tíma. Á næstu vikum verða umsagnir um einstaka kafla frumvarpsdraga sendar jafnóðum og vinnu við þá lýkur, þar til endanlegt frumvarp til laga um lagareldi verður lagt fram á Alþingi og opnað verður aftur fyrir umsagnir.

### Umsagnir við endanlegt frumvarp

Sjávarútvegsþjónustan mun jafnframt senda umsagnir við endanlegt frumvarp til laga um lagareldi. Umsagnir við frumvarpsdrögin verða þá endurbættar, mögulega leiðrétt og eftir atvikum uppfærðar, meðal annars með hliðsjón af athugasemdum og ábendingum annarra umsagnaraðila. Markmiðið er að gefa heildstæðari mynd af málinu og styrkja rökstuðning.

Skilafrestir til umsagna við frumvörp eru almennt stuttir og gera má ráð fyrir að ekki náist í öllum tilvikum að skila umsögnum innan tilgreindra tímamarka. Að þeim tíma liðnum verða einstakir kaflar þó áfram sendir um leið og vinnu við þá lýkur, þar til frumvarp til laga um lagareldi hefur verið afgreitt af Alþingi Íslendinga.

### Um

Undirritaður er sjávarútvegsfræðingur og hefur starfað við fiskeldi í rúm 30 ár. Á þeim tíma hefur hann komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld sem tengjast fiskeldi, meðal annars við undirbúning og vinnu að lögum og reglugerðum á sviðinu. Sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og setningu laga um fiskeldi á árunum 2017–2019 hefur verið

gagnrýnd opinberlega. Í byrjun ársins 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi og þið verðið reglulega upplýst um framganginn.

Yfirlit um málið er að finna á [lagareldi.is](http://lagareldi.is)

Best er að finna allar skýrslur og greinar er tengjast málinu á [sjavarutvegur.is](http://sjavarutvegur.is)

Með kveðju/ Regards

Valdimar Ingi Gunnarsson

Samfélagsverkefni gegn spillingu

Sjávarútvegsþjónustan ehf.

Helgubraut 17

200 Kópavogur

GSM 6952269

Netfang: [valdimar@sjavarutvegur.is](mailto:valdimar@sjavarutvegur.is)

Vefsíða: [www.lagareldi.is](http://www.lagareldi.is)